

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2015****2016/EES/42/49****frá 30. apríl 2015****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/99/ESB frá 21. október 2014 um breytingu á tilskipun 2009/126/EB um II. áfanga endurheimtar bensínufu við eldsneytis-töku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 21au (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 L 0099**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/99/ESB frá 21. október 2014 (Stjtið. ESB L 304, 23.10.2014, bls. 89).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/99/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 23.10.2014, bls. 89.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.